

Nýjir þjálfarar 2010 - 2011

Skrifað af Körfuboltadeild
Sunnudagur, 12 September 2010 23:30

Gengið hefur verið frá samningum við nýja þjálfara hjá Körfuboltadeild Hattar tímabilið 2010-2011.

Viggó Skúlason er þjálfari meistaraflokks karla, 8. - 10. flokks stúlkna og yngri flokks stúlkna. Viggó er reyndur þjálfari og hefur áður þjálfað yngri flokka hjá Hetti en reynir nú fyrir sér við þjálfun meistaraflokks í fyrsta skipti.

Viðar Örn Hafsteinsson þjálfar 10. flokk drengja og minnibolta. Viðar er íþróttakennari að mennt og margreyndur körfuboltamaður. Hann er uppalinn hjá Hetti en hefur undanfarin ár leikið í úrvalsdeild með Hamri í Hveragerði. Viðar mun jafnframt leika með meistaraflokksliði Hattar í vetur.

Björn Benediktsson þjálfar 7.-8. flokk drengja. Björn er leikmaður meistaraflokks en þjálfar nú í fyrsta skipti og mun njóta leiðsagnar hjá Viggó og Viðari.

Þjálfarastöðurnar eru vel mannaðar í vetur og góð blanda af reynslu og menntun. Við bjóðum nýju þjálfarana velkomna til starfa!